

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig þú nálgast aðgang þinn að tölvukerfi MH og skýjaþjónustu. Við hvetjum þig til að prófa að gera þetta heima en ef illa gengur þá verður hægt að leiðbeina þér þegar þú mætir í skólann.

1. Hvernig eru notendanöfnin fyrir tölvukerfi MH og skýjaþjónustuna?

Til að skrá sig inn í netkerfi MH (tölvur skólans) eða Microsoft 365 (Office365) notar þú fyrstanafn.upphafstaf millinafns (ef til staðar).kenninafn@mh.is

Dæmi: Sigríður Guðrún Björnsdóttir hefur fengið notendanafnið: sigridur.g.bjornsdottir@mh.is og Helga Jóna Brown Helgudóttir hefur fengið notendanafnið: helga.j.helgudottir@mh.is

Athugið að engir séríslenskir stafir voru notaðir í notendanöfnunum, eins og á,é,í,ú, o.s.frv. Hjá þeim sem eru með fleiri en 3 nöfn er notað fyrstanafn, upphafstaf annars nafns og síðasta nafn. Athugaðu að notendanafn þitt er einnig MH netfangið þitt (ef þú vilt nota það).

2. Lykilorð fyrir notendur netkerfis MH

Til að búa til lykilorð fyrir netkerfi MH skaltu nota símann/tölvu og ræsa þann vafra sem þú notar vanalega. Sláðu inn **lykilord.menntasky.is** og þá kemur upp eftirfarandi gluggi.

Smelltu á Login



Næst ertu beðinn um að setja inn símanúmerið þitt. Smelltu svo á **Innskrá** og sláðu inn pinnið þitt (rafræn skilríki). Næst kemur eftirfarandi gluggi upp:

Lykilorð

Hér er hægt að breyta lykilorði.

Breyta

Veldu „Lykilorð“ og fylgdu leiðbeiningum á næstu síðu

Tveggja þátta auðkenning

Hér er hægt að endursetja tveggja þátta auðkenningu.

Endursetja

Breyta lykilorði

Byrjaðu á því að velja skóla, sláðu svo inn öruggt lykilorð.

Lykilorð þarf að vera öruggt

Veldu stofnun

Nýtt lykilorð

Ekki öruggt

Staðfestu nýtt lykilorð

Breyta lykilorði

Byrjaðu á því að velja Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Sláðu síðan inn það lykilorð sem þú vilt hafa. **Athugaðu að lykilorðið þarf að vera minnst 10 stafir og að lágmarki einn stór stafur og einn tölustafur.**

Staðfestu svo lykilorðið.

Athugið að það getur verið sniðugt að mynda setningu þegar búið er til nýtt lykilorð og breyta nokkrum stöfum t.d. í stað S hafa tölustafinn 5 o.s.frv.

Smelltu á Breyta lykilorði

Það gæti tekið 3-5 mínútur að breyta lykilorðinu í kerfinu.

3. Tvíþátta auðkenning

Næst skaltu velja „Tvíþátta auðkenning“ á lykilord.menntasky.is

Athugaðu vel að síminn þinn má á þessu stigi ekki vera tengdur þráðlausa netinu í MH (ef þú ert innan MH og búið að setja upp MH þráðlausa tengingu).

SMS aðferðin – leiðbeiningarnar eru miðaðar við ensku á símunum ykkar. (Einnig er hægt að nota Microsoft authenticator appið)

1. Opnið vafra á símanum ykkar, sláið inn mh.is og veljið Office 365/Microsoft 365.
2. Skráið ykkur inn með skólanetfanginu ykkar sbr lið 2 hér að undan.
3. Þá ætti að koma upp að þið þurfið að veita meiri upplýsingar, veljið **Next**. **(Mynd 1 á næstu blaðsíðu)**
4. Þá ætti að blasa við síða sem heitir **Keep your account secure**. Veljið þar neðst í vinstra horninu **I want to set up a different method**.- merkt með gulum lit, **(Mynd 2)**
5. Veljið **Phone** sem aðferð í næsta skrefi og smellið á Add. **(Mynd 3)**
6. Veljið +354 sem landsnúmer og setjið inn ykkar símanúmer. Hakið í **Text me a code**. Og smellið á Next **(Mynd 4)**
7. Í næsta skrefi er sendur prufukóði á þig í SMS. Setið hann inn og ýtið á **Next** og í næsta glugga á **Done**. **(Myndir 5 og 6)**

Mynd 1  Microsoft notandi@stofnun.is More information required Your organization needs more information to keep your account secure Use a different account Learn more Next Mynd 2 Keep your account secure Your organization requires you to set up the following methods of proving who you are. Method 1 of 2: App 1 App 2 Phone Microsoft Authenticator Start by getting the app On your phone, install the Microsoft Authenticator app. Download now Once you've installed the Microsoft Authenticator app on your device, choose "Next". I want to use a different authenticator app Next I want to set up a different method Skip setup Mynd 3 Add a method Which method would you like to add? Phone Cancel Add	Mynd 4 Phone Which phone number would you like to use? 354 1234567 ☐ Call me ☒ Text me a code Cancel Next Mynd 5 Phone We just sent a code to +354 1234567 Enter code Resend code Back Next Mynd 6 Phone ☒ Call answered Done
--	---

Athugið vel að ef þið eruð að nota tölvur eða síma innan hús í MH og eru tengd MH kerfinu þarf ekki tvíþátta auðkenningu.

Ef þú ert með nýjan síma og lendir í vandræðum með Authenticator appið og **tvíþátta auðkenningu**, prófaðu að setja appið aftur upp á símanum. Það á ekki að þurfa að breyta lykilorði

Ef allt hefur gengið vel ættir þú að vera kominn inn í Microsoft 365 (Office 365). Þú getur skráð þig út með því að smella á hringinn efst til hægri og smella á Sign out.

Ef þú lendir í vandræðum með tvíþátta auðkenninguna eftir að hún hefur verið sett upp er alltaf hægt að fara á síðuna lykilord.menntasky.is og velja **Endursetja tveggja þátta auðkenni**.

Breyta lykilorði

Byrjaðu á því að velja stofnun, sláðu svo inn öruggt lykilorð.

Ráðfærðu þig við kerfisstjóra þinnar stofnunar hversu flókið nýja lykilorðið þarf að vera (minnst 10 stafir)

Hér má sjá góðar venjur við meðferð lykilorða frá póst- og fjarskiptastofnun.

Menntaskólinn við Hamrahlíð

Nýtt lykilorð

Staðfestu nýtt lykilorð

Breyta lykilorði

Endursetja tveggja þátta auðkenni

Eftir að hafa endursett tveggja þátta auðkenni þarf að bíða í smá tíma og svo setja aftur upp auðkenninguna sbr. hér að ofan.

4. **Þráðlausa kerfið í MH – gert í MH**

Þú sérð þrjú net ef þú skoðar „WiFi“ hjá þér þegar þú ert í MH, þ.e.:

- MH-Secure er notað fyrir fartölvur skólans sem eru fyrir nemendur.
- MH-Starfsmenn er notað fyrir starfsmenn MH sem þurfa að tengjast Internetinu.
- MH-Nemendur er hins vegar fyrir síma og fartölvur í eigu nemenda og þú þarft að skrá þig inn með aðgangsorði.

Aðgangsorðið er MH+kennitala þín+MH - Dæmi: MH123456888MH ath stórir stafir í MH.

Microsoft 365 appið og fleira

Þú getur farið í Microsoft 365 með því að opna MH.is og smella á Microsoft 365 hnappinn. Nemendur hafa í gegnum Microsoft 365 skýið aðgang að Onedrive sem er 1TB geymslusvæði og einnig geta nemendur sett upp Microsoft Office pakkann á 5 mismunandi tæki hvort sem er fyrir Windows eða MAC tölvur með því að smella á hnapp hægra megin (Install apps) í Microsoft 365 umhverfinu. Ef þú ert með Microsoft 365 (Office 365) öppin fyrir á tölvunni þinni er nóg að skrá sig út og skrá sig inn aftur með MH notendanafni.

Ef það eru einhver vandræði með að komast inn í Microsoft 365 sendu póst á netstjori@mh.is.